

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 26, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 13. nóvember 2001 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 26 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dags. 10. júní 1996. Breytingin felst í því að heimilað er að byggja nýja bílgeymslu, ásamt áfastri geymslu fyrir verkfæri og garðhúsgögn á lóðinni og nýta núverandi sambyggðan bílskúr undir íbúðarherbergi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 10. desember 2001.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávaraflla.

#### 1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur hörpudiskur skal veginn á hafnarvog samkv. ákvæðum 3. gr. Um vigtun hörpudisks gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Fari endanleg vigtun fram á hafnarvog er vigtarmanni heimilt að draga allt að 4% frá vegnum aflla vegna áætlaðra aðskotahluta í aflanum. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í aflanum við löndun.
2. Sé aflinn endurvigtaður hjá aðila sem leyfi Fiskistofu hefur til slíks, skal það gert svo fljótt sem við verður komið og með eftirfarandi hætti:
  - a) Löggildur vigtarmaður sem annast skal vigtunina skal velja af handahófi og vigta úrtak sem nemur a.m.k. 0,5% af farmi. Við endurvigtunina skal úrtakið brúttóvigtað síðan skulu hrúðurkarlar, dauðar skeljar og aðrir aðskotahlutir hreinsaðir frá og úrtakið síðan vegið að nýju og þannig fundinn nettóþungi.
  - b) Löggildur vigtarmaður sem annast endurvigtun aflla skal fylla út og undirrita úrtaksvigtunarnótu þar sem tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar:
    - Nafn skips, skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
    - Veiðarfæri.
    - Löndunarhöfn og löndunardag.
    - Viðtakand aflla.
    - Fjöldi íláta.
    - Brúttóaflla á hafnarvog (afli og aðskotahlutir)
    - Brúttóþunga úrtaks.
    - Þunga hrúðurkarla.
    - Þunga annarra aðskotahluta.
    - Nettóþunga úrtaks.
    - Reiknað hlutfall hrúðurkarla og aðskotahluta í aflla.